

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 33/2021**

2024/EES/3/33

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnið álammoníumsúlfat, álsilikat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlauskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járn-súlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1246 frá 2. september 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efnið fenamífosí, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1263 frá 10. september 2020 um samþykki fyrir virka efnið natríumvetniskarbónati sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1276 frá 11. september 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efnið brómoxýnili, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(4)</sup>, leiðrétt í Stj.íð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 27.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1280 frá 14. september 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efnið benalaxýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1293 frá 15. september 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efnið asadíraktíni <sup>(6)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stj.íð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stj.íð. ESB L 288, 3.9.2020, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stj.íð. ESB L 297, 11.9.2020, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stj.íð. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 32.

<sup>(5)</sup> Stj.íð. ESB L 301, 15.9.2020, bls. 4.

<sup>(6)</sup> Stj.íð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 24.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1295 frá 16. september 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 að því er varðar færslu virku efnanna karbetamíðs, emamektíns, flúrklórídóns, gammasýhalótríns, halósúlfúrónmetýls, ipkónasóls og tembótríóns á skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út (7).
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

## TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32020 R 1160:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 frá 5. ágúst 2020 (Stjtið. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 29),
- **32020 R 1246:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1246 frá 2. september 2020 (Stjtið. ESB L 288, 3.9.2020, bls. 18),
- **32020 R 1263:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1263 frá 10. september 2020 (Stjtið. ESB L 297, 11.9.2020, bls. 1),
- **32020 R 1276:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1276 frá 11. september 2020 (Stjtið. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 32), leiðrétt í Stjtið. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 27,
- **32020 R 1280:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1280 frá 14. september 2020 (Stjtið. ESB L 301, 15.9.2020, bls. 4),
- **32020 R 1293:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1293 frá 15. september 2020 (Stjtið. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 24).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzzzt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408):

- „– **32020 R 1295:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1295 frá 16. september 2020 (Stjtið. ESB L 303, 17.9.2020, bls. 18).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzza (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1018 frá 13. júlí 2020):

- „13zzzzzzzzzb. **32020 R 1246:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1246 frá 2. september 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu fenamífosí, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 288, 3.9.2020, bls. 18).

- 13zzzzzzzzzc. **32020 R 1263:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1263 frá 10. september 2020 um samþykki fyrir virka efninu natríumvetniskarbónati sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 297, 11.9.2020, bls. 1).

(7) Stjtið. ESB L 303, 17.9.2020, bls. 18.

- 13zzzzzzzzzzzd. **32020 R 1276:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1276 frá 11. september 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu brómoxýnili, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 32), leiðrétt í Stjtið. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 27.
- 13zzzzzzzzzzze. **32020 R 1280:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1280 frá 14. september 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu benalaxýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 301, 15.9.2020, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/1160, (ESB) 2020/1246, (ESB) 2020/1263, (ESB) 2020/1276, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB 16.9.2020, bls. 27, (ESB) 2020/1280, (ESB) 2020/1293 og (ESB) 2020/1295, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.